

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Vatnsnesvegur og Sólvallagata, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin varðar hornlóð Vatnsnesvegur og Sólvallagötu, Vatnsnesveg 29, þar sem landnotkun breytist úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðasvæði og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar í allt að 1,5 en á reit 11 sem lóðin er á, var hún 0,35.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína 1.

Samkvæmt 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar færast til vesturs að Sultartangalóni og að því liggja aðrennslisgöng frá Sporðöldulóni.
- Tungnaá verður brúuð við Hald og þaðan lagður vegur í fjallvegaflokki að fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Frá honum verður lagður vegur að fyrirhuguðu stíflustæði Sporðöldulóns.
- Ný 220 kV háspennulína, Búðarhálslína 1, liggur yfir Búðarháls að tengivirki Sultartangastöðvar vestan Þjórsár. Línan verður samsíða fyrirhuguðum vegi að stöðvarhúsi og síðan Hrauneyjarfosslínu 1 að tengivirki Sultartangastöðvar.
- Sporðöldulón verður um 7 ferkílómetrar að flatarmáli eða um 1 ferkílómetra stærra en áætlað var.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.